

Nr. 147

18. febrúar 2013

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Breyting á deiliskipulagi í landi Glóru.*

Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri 1.322 m<sup>2</sup> lóð þar sem heimilt verður að reisa tvær vélageymslur, aðra allt að 80 m<sup>2</sup> og hina allt að 120 m<sup>2</sup>.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.

Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 1. júlí 2009 og birtist auglýsing nr. 343 um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda 6. apríl 2011. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 18. febrúar 2013.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 20. febrúar 2013